

Fundur 18.9.2023 Móðir Teresa.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Er það alltaf jafn merkilegt, guðsandi er einnig yfir vísindanna mönnum og hef ég reynt að hneygja mig að þeim fræðum í framlífinu hér og var það mér til mikillar blessunnar að átta mig á því að ekki var það reiði Drottins sem olli því að ég var framkomin í holdlegum líkama en ekki sem andi eins og ég hafði búist við.

Og er nú þeirri prautagöngu lokið og er ég komin fram á nýjum hnetti, eins og fram hefur komið og vil ég nú reyna að hjálpa öllum sem best sem til mín leita, og senda þeim orku og tel ég Drottinn starfa í gegnum mig og hef ég ekki látið af trú minni.

En hef þó að vísu hlustað á veraldlega vísindamenn sem segja mér að stjörnugeimurinn sé sköpun Drottins og að þangað eigum við að hverfa og að það sé ekki synd að hafa samband við þá sem leita sambands við okkur og framliðna og sem vilja fræðast af okkur og að við viljum fræðast af þeim.

Og leið mér mjög illa um tíma og hýddi ég sjálfa mig fyrir þá synd að tala við andanna og að það væri Drottinn andstyggilegt, en fannst mér ég fá endurlausn synda minna með því að umgangast verur þær sem voru ekki mennskar og tóku frá mér orku, þannig að ég þurfti að þjást mikið á þeim hnetti.

Og þótti mér að það væri mér mátulegt fyrir syndir mínar og að Drottinn hefði sent mig á þann hnött til að bæta ráð mitt og iðrast enn frekar.

En þið sögðu mér að þið væruð ekki andar og að þið væruð á gömlu jörðinni og hef ég nú hér í nýjum líkama reynt að hjálpa öllum þeim sem leituðu til mín á jörðinni og senda þeim orku.

Því þetta nýja trúfélag sem ég er í er með þær kenningar að vísindi og trú verði að vinna saman og að við séum á þessari jörð til þess að halda áfram að bæta okkur.

Eru hér þó ýmsir hópar sem ég gjarnan vildi hjálpa síðar sem eru dekkri útlits en við og villmannslegir á ýmsum stigum og hyggst fara þangað og hjálpa þeim þegar ég hef öðlast næga orku.

En hér er þó margt að fræðast um enn þá og vil ég gjarnan ferðast um land mitt áður en ég fer til þeirra landa þar sem ástandið er verra.

Skynjaði ég oft til manneskju sem tengdist ykkur og ég gat sent orku og þurfti á minni hjálp að halda og var það einhver mögnun, víxlmögnun í því.

Og er ég enn þá að fræða mig á þessum hnetti og ætla að verða svo sterk að mér takist að fara til þeirra landa þar sem hinir frumstæðu menn þurfa á hjálp minni að halda og get ég þar borið út fagnaðarerindi Jesú Krists og frelsað þá af synd þeirra og látið þá hætta vopnaskaki og friðmælast vonandi.

Fann ég fyrir góðum áhrifum frá ykkur og vil ég taka undir það sem andarnir hafa sagt mér og íbúar annarra hnatta að mikilvægt sé að gamla jörðin blessist einnig með Drottins hjálp og annarra og við höldum áfram að senda þeim góða orku.

Móðir Teresa.

*Vertu hjartanlega velkomin,*

*Já já þú hefur komið nokkrum sinnum.*

Já. Vildi ég sérstaklega senda konunni orku sem hefur, sem ég hef komið í gegnum og vona að hún komi aftur.

*Já Sissi Bína.*

Já.

*Já ég hef nú ekkert heyrt í henni lengi.*

Eru hér stöugar framfarir í mínu lífi og læri ég eitthvað nýtt og reyni að hjálpa fólki eftir megni.

Ætla ég nú að kveðja ykkur og þakka fyrir í kvöld, verið þið sæl.

*Ég þakka fyrir vertu sæl.*

*Vertu blessuð.*